

## Tónleikar í Bústaðakirkju

Á LAUGARDAG kl. 16 verða haldnir tónleikar í Bústaðakirkju. Flytjendur eru Camilla Söderberg sem leikur á blokkflautur og Snorri Örn Snorrason sem leikur á lútu og gítar. Flutt verður tónlist eftir 20. aldar tónskáldin Britten, Stokes og Hans Martin Linde svo og frá renaissance- og barrokk-tímabilinu.

Camilla Söderberg lauk burtfararprófi í flautuleik frá tónlistarháskólanum í Vínarborg og stundaði síðan framhaldsnám við sama skóla. Snorri Örn Snorrason lauk einnig burtfararprófi frá tónlistarháskólanum í Vínarborg og hafði þá stundað gítarnám í 5 ár og hefur hann s.l. tvo vetur stundað framhaldsnám í Basel í Sviss.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 og fást aðgöngumiðar við innganginn.



Camilla Söderberg og Snorri Örn Snorrason.

## Röng fyrirsögn

RÖNG fyrirsögn birtist í gær á blaðsíðu 2 yfir frétt um að blaðamenn hefðu boðað verkfall frá og með föstudeginum 17. febrúar. Fyrirsögnin var um að blaðamenn hefðu sagt upp samningum. Allnokkuð er síðan það gerðist, en fyrirsögn fréttarinnar í gær átti að sjálfsgötu að vera „Blaðamenn boða verkfall“.

## Kökubasar og flóamarkaður vélskólanema

Vélskólanemar halda í dag, laugardag, kökubasar og flóamarkað í Sjómannaskólanum. Hefst hann kl. 14 og verður boðið uppá kökur og ýmsan varning.

Afraksturinn á að ganga til námsferðar 4. stigs vélskólanema en það eru þeir sem standa fyrir flóamarkaðnum.



Ein af myndum Guðbergs Auðunssonar.

Guðbergur og Ómar á Kjarvalsstöðum:

## Málverkátúlkun með trommum og myndaraðir úr lífsleiknum

TVEIR listmálarar, Guðbergur Auðunsson og Ómar Skúlason, eru með einkasýningar á Kjarvalsstöðum og er síðasta sýningarhelgin nú í vikulokin.


Guðbergur sýnir líðlega 20 myndir og hafa 5 myndir þegar selt. Þar af hefur Listasafn Íslands keypt eina og Listasafn SÍS eina, en sömu aðilar keyptu einnig myndir af Ómari Skúlasyni.

Á sýningu Guðbergs í dag kl. 4 mun Sigurður Karlsson trommuleikari leika trommukonsert með aðstoðartækjum og ætlar hljóðfæraleikarinn að túlka verk listmálarans. Ágæt aðsókn hefur verið að sýningu Guðbergs.

Ómar Skúlason sýnir nokkrar myndraðir á sinni sýningu. Viðfangsefni í eina

röðina er sótt í Njálu, önnur er um lífið eftir dauðann, þriðja er um hund og kött og fjórða er gömul frá 1971.

Ein röðin er um hlutverk konunnar í nútímaþjóðfélagi, t.d. konan í auglýsingunni og konan í lögreglunni. Ómar hefur selt nokkrar myndir og gefið nokkrar sagði hann í viðtali við Morgunblaðið í gær. Ágæt aðsókn hefur verið að sýningunni.



Ómar Skúlason við hluta úr myndröð. Ljósmynd Mbl. kee.

## Línuveiðar bannaðar úti af Malarrífi


SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ hefur nú bannað allar línuveiðar frá línu réttvísandi suður af Malarrífsvíta, að línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi og innan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

afla línubáta af þessu svæði kom í ljós, að smáborskur var verulegur hluti aflans.

Bann þetta tekur gildi frá og með 13. febrúar n.k. og gildir þar til annað verður ákveðið, en Hafnarstofnunin mun fylgjast með þessu svæði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögum Hafnarstofnunarinnar, en við athugun á

Meðfylgjandi kort sýnir bannsvæðið.



## 5 hlutu styrki úr Rannsóknasjóði IBM

FYRIR stuttu var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði IBM vegna Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Er þetta í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, og bást alls 7 umsóknir. Fimm umsækjendur hlutu styrk, samtals 1.567.553 kr., og voru það þessir:

Rannsóknarnefnd félags læknaema, 150 þúsund krónur, til áframhalds könnunar á ofnæmisjúkdómum á Íslandi.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, 400 þúsund krónur, til úrvinnslu gagna er varða

gróðurfar, gróðurskilyrði og beitarpól íslenskra gróðurlenda.

Dr. Þorkell Helgason dósent 400 þúsund krónur, til að koma upp forritasafni til kennslu og rannsókna á sviði bestunar og fleiri þáttum tölulegrar greiningar.

Baldur Jónsson lektor 300 þúsund krónur, til rannsókna á sviði máltölvunar.

Dr. Stefán Aðalsteinsson, 317.553 krónur, til rannsókna á því, hvernig skipuleggja megi jöfnun heyforða milli landsvæða.



Slysavarnafélag Íslands þakkar hlýjar óskir og kvæðjur í tilefni 50 ára afmælis félagsins hinn 29. janúar s.l. - Ell sù mikla velvild og vináttu, er félaginu var sýnd á þessum merku tímamótum, mun verða því hvatning til aukinna starfa á vettvangi slysavarna- og björgunarmála.

STJÓRN SVFÍ.



# ÚTSALA Torgsins

í lónaðarmannahúsinu,  
Hallveigarstíg 1

## Allra síðasti dagur

# TORGÆÐ

Opið til hádegis

Austurstræti 10 sími: 27211